

Föstudagur 7. júlí

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Gosi (27)** (Pinocchio). Teikni-myndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.15 **Litli sægarpurinn** (Jack Holborn). Sjöundi þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tölft þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
- 18.45 **Téknísmálsfréttir.**
- 18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökullsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Safnarinn.** Ný þáttaröð um nokkra Íslendinga sem haldnir eru söfnunaráttu. Í fyrsta þættinum er tekið hús á Páli A. Pálssyni ljósmyndara á Akureyri en hann á merkilegt safn íslenskra peningaseðla. Umsjón Bjarni Hafþór Helgason.
- 21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamála- og gamanmyndaflokkur. Þýðandi Kristín Þórardóttir.
- 21.50 **Við dauðans dyr** (Champions). Bresk blómmynd frá árinu 1983. Leikstjóri John Irvin. Aðalhlutverk John Hurt, Edward Woodward, Ben Johnson og Jan Francis. Myndin byggist á sannsögulegum atburðum og fjallar um knapa sem fær þær fréttir að hann sé með krabbamein og eigi skammt eftir ólíf- að. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
- 23.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Blái káðiljakkinn.** Blue de Ville. Gus er létt á bárunni og henni tekst að tæla öllu jarðbundnari vinkonu sína inn á hálar brautir. Gus ætlar að leita föður síns sem hún hefur aldrei séð og saman takast vinkonurarnar ferð á hendur. Á fyrsta viðkomustaðnum vinna þær bláan káðiljak og sigursælar taka þær hressan puttaferðalag upp í bilin.
- 19.19 **19.19.** Fréttir og fréttaskýringa- þáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
- 20.00 **Teiknimynd.** 20.15 **Ljáu mér eyra...** Fréttir úr tónlistarheiminum, nýjustu kvikmyndirnar kynntar og viðtöl við erlenda sem innlenda tónlistarmenn. Umsjón: Pia Hansson.
- 20.45 **Stöðin á staðnum.** Stöð 2 á hringferð um landið og í kvöld á Höfn í Hornafirði.
- 21.00 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
- 21.30 **Nú harðnar í ári.** Things Are Tough All Over. Félagarnir Cheech og Chong eða CC-gengið eru vægt til orða tekið skýrnar skrúfur. Þeir fara annars vegar með hlutverk arabískra olíufursta og hins vegar með betur þekkt hlutverk sín sem hassistar.
- 23.00 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk: Paul Doolley, Phyllis Newman og Alan Young.
- 23.25 **Beint af augum.** Drive He Said. Kórufuboltaður er á hátindi ferils síns en á í miklum útistöðum við keppinaut sinn og bekkjarbróður. Það er líkast því sem öllu sé hellt á eld þegar eiginkona prófessors nokkurs fer á fjórnar við þá báða.
- 0.55 **Skárákinn.** The Entity. Þeir sem hafa yndi af hrollvekjum ættu að fá sinn skammt í kvöld, en viðkvæmar sálir ættu að beina athygli sinni að einhverju öðru. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum um konu sem er tekin með valdi af ósýnilegri veru.
- 2.45 **Dagskrárlök.**

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið.** með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lóðinni Steinsdóttur. Höfundur les (3.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)

- 9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Sveitasmála.** Umsjón: Signý Pálsdóttir. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Guðrún Margrét Baldursdóttir leikur á pianó. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermíkráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (16.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Ljúlíngslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað að faranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Ísland og samfélag þjóðanna.** Fjórir þáttir endurtekinn frá miðvikudagskvöldi. Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Grín og gaman Barnaútvarpsins á föstudegi. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegis** – Grieg, Fibich, Nielsen og Alvén.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttapáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næsturútlit kl. 3.00.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyri Þórmodsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lóðinni Steinsdóttur. Höfundur les (3.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Lúðrabýtur.** Umsjón: Skarphéðinn Einarsson.
- 21.00 **Sumarvaka.** a. Á aldarárið Jóns Arnasonar. Dagskrá í samantekt Finnþoga Guðmundssonar. (Síðari hluti.) (Aður útvarpað í september í fyrra.) b. Sigríður Ella Magnúsdóttir og Garðar Cortes syngja íslensk lög Krystina Cortes og Ólafur Vignir Albertsson leika með á pianó. c. Heilræði og heimslistir Halldór Örn Eiríksson flytur. Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttapáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Danslög.**
- 23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Guðrún Margrét Baldursdóttir leikur á pianó. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir.**
- 01.10 **Næsturútlit á báðum rásum til morguns.**



RÁS FM 90,1

- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauks- son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskefjur kl. 10.30. Sérþafing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.03 **Míli mála.** Árni Magnússon á útklíki og leikur nýju lög. Veðihoði rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægumálaútlit. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og inn-

- lit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í fjösinu.** Bandarískir sveita- söngvar.
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Sibyllan.** Sjóðheitt dúndur- popp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
- 00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalog.
- 02.00 **Næsturútlit á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLIT

- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Rökk og nýbylgja.** Pétur Grétarsson kynnir. (Endurtekinn frá mánudagskvöldi.)
- 03.00 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn frá rás 1 kl. 18.10.)
- 03.20 **Röðotarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 **Veðurfregnir.**
- 04.35 **Næsturútlit.**
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsam- göngum.**
- 05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsam- göngum.**
- 06.01 **Á frivaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalog sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
- 07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútlit Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútlit Austurlands kl. 18.03–19.00



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliða- sonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu lög, gömlu góðu lög, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis.** Hvað finnst þér? Hvað er eftst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í sína 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
- 19.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgatókin“ á tónlistinni. Óskalog og kveðjur í sínu um 68 19 00 og 61 11 11.
- 2.00 **Næstur dagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliða- sonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 9.00 **Margrét Hrafnisdóttir.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lög og kemur kveðjum og óskalogum hlustenda til skila.
- 14.00 **Bjarni Haukur Þórsson** Bjarni stjórnar tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Þægileg og röleg tónlist milli kl. 18.10 og 19.
- 19.00 **Freymjóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgatókin“ á tónlistinni. Óskalog og kveðjur í sínu um 68 19 00 og 61 11 11.
- 2.00 **Næstur stjörnur.** Fréttir á Sjálfmáli kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 09.00 **Rótartónar.**
- 11.00 **Við við viðtæklið.** E.
- 12.30 **Góðsögnin um G. G. Gunn. E.**
- 13.30 **Tónlist.**
- 14.00 **Á milli 2 og 5.** Grétar Miller situr við hljóðnemann.
- 17.00 **Geðsvellfan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
- 19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Emil Örn og Hlynur.
- 21.00 **Gott bit.** Tónlistarþáttur í umsjá Kídda kanínu og Þorsteins Högna.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar drauga- sögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**



- 7.00 **Hörður Arnarson.**
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Arnarson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Anna Þorlaks.**
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
- 1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 3.00 **Nökkur Svavarsson.**



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
- 7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikþáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttapáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslu- þáttur.
- 11.00 **Another World.** Sápuopera.
- 11.55 **General Hospital.**
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuop- era.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **The Littles.** Teiknimynd.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþátt- ur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileika- keppni.
- 18.00 **Sale of the Century.** Getrauna- þáttur.
- 18.30 **Black Sheep Squad-** on.Spennupáttur.
- 19.30 **Terror Out of the Sky.** Kvikmynd.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Police Story.** Spennumynd.



- 15.00 **Doctor Dolittle.**
- 17.30 **Hurricane.**
- 19.00 **Tudawali.**
- 21.00 **Steelyard Blues.**
- 22.35 **Lady Beware.**
- 00.30 **The Incredible Twoheaded Transplant.**



- 9.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
- 10.30 **Surfer magazine.** Brimbretta- keppni á Hawaii.
- 11.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 11.30 **Indy Car.** Bílakappakstur frá Detroit.
- 12.30 **Eurosport - What a Week.** Litið yfir íbróttir liðinnar viku.
- 13.30 **Ástralski fótboltiinn.**
- 14.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 17.00 **Fimleikar.** Fyrsta Evrópumót unglunga, haldið í Frakklandi.
- 18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 19.00 **Hjálakkeppni.**
- 20.00 **Amnabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 21.30 **Rugby.** Höfdukeppni í áströlsku deildinni.
- 22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.



- 13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
- 14.30 **Hotline.**
- 16.30 **The Global Chart Show.** Tónlist- arþáttur.
- 17.30 **Richard Diamond.** Sakamála- þáttur.
- 18.00 **Ferðapáttur.**
- 18.25 **Hollywood Insider.**
- 18.50 **Transmission.**
- 19.45 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **In Concert Special.**
- 21.00 **Breski vinsældalistinn.**
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Cheech og Chong hitta fallegar stúlkur í ökuferð sinni yfir Bandaríkin.

Stöð 2 kl. 21.30:

Nú harðnar í ári

Cheech og Chong heita tveir háðfuglar í Ameríku, gamlir grasreykjandi hippar. Þeir hafa gert nokkrar kvikmyndir, sér og mörgum öðrum til einhverrar skemmtunar. Stöð 2 sýnir eina þeirra í kvöld.

Hér bregða kumpánarnir sér í tvenns konar gervi. Annars vegar leika þeir ríka olíufursta úr Arabíu og hins vegar hassistana tvo sem allir þekkja. Arabarnir leggja út í eyðimörkina í leit að furðufuglum tveimur.

Sögubráðurinn er í stuttu máli sá að dópistarnir tveir eru blankir og þrá það mest að komast frá Chicago. Arabarnir eiga aftur á móti of mikla peninga og vilja koma þeim undan hið bráðasta. Hassistarnir eru því ráðnir til að aka bíl suður til Las Vegas en í ökutækinu eru faldar milljónir dollara.

Handrit myndarinnar er skrifað af þeim Cheech og Chong, fullt af skringilegum uppátækjum og öðru óvæntu.

Leonard Martin er hrifinn af förðun leikaranna og segist sjá að þar séu hæfileikamenn á ferð. Hins vegar mun mynd þessi ekki náðar nærri nógu fyndin. Hann gefur henni aðeins tvær stjörnur.

Sjónvarpið kl. 21.50:

Við dauðans dyr

Þetta er sönn saga um tvo kapp. Annar er knapi sem fær þær fréttir frá læknum sínum að hann sé kominn með krabba og því dauðans matur. Hinn er gæðingur sem verður fyrir því að særast á fæti og á yfir höfði sér að vera drepinn en sleppur á síðustu stundu. Maður og hestur heyja harða þungarútu til að ná settu marki.

Eftir þungarútu og miklar rennur loks upp dagurinn sem allir hafa verið að bíða eftir: kappreiðadagurinn mikli. Mun þeim takast, knapanum og gæðingi hans, að sigrast á erfiðleikumum og koma fyrstir í mark?

Mynd þessi kemur frá Bretlandi þar sem hún var gerð fyrir sjónvarp. Aðalhlutverkíð leikur John Hurt, einn af allra bestu leikurum Breta, og sem Íslendingar kannast mætavel við. Annar góðkunningi okkar leikur einnig stórt hlutverk, Edward Woodward, betur þekktur sem Bjargvætturinn. Leikstjóri myndarinnar er John Irvin.



Ein hetja myndarinnar Beint af augum beitt öllum brögðum til að losna við herskyldu.

Stöð 2 kl. 23.25:

Beint af augum

Körfuknattleiksmaðurinn Hector er á hátindi ferils síns innan háskólaíðsins, en á um leið í miklum útistöðum við bekkjarbróður sinn og keppinaut, Gabriel. Dag nokkurn keyrir um þverbak þegar Gabriel truflar leik liðsins með prakkarastrikum, þjálfaranum til mikillar skapraunar.

En það er fleira á seyði innan körfuboltaliðsins. Eftir leikinn sem Gabriel truflaði, á Hector lítið ástarævintýri með konu eins prófessorsins.

Hector fær boð um að gerast atvinnumaður í körfuknattleik, en hann gerir ýmsar kröfur sem forráðamenn liðsins geta ekki fallist á. Á sama tíma gerir Gabriel allt hvað hann getur til að koma í veg fyrir að hann verði kallaður í herinn og sendur til Vietnam.

Leikarar í þessari mynd eru William Tepper, Michael Margotta, Karen Black og Bruce Dern. Það er frammistaða þeirra sem heldur myndinni uppi. Leikstjóri er Jack Nicholson og þykir hann standa sig vel í einstaka atriðum, en hefur ekki góð tök á myndinni í heild. Maltin gefur henni ekki nema tvær og hálfa stjörnu.